

Felum og finnum orð

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Ástæður	Umhverfi		Árstíð	
	Hvaða umhverfi sem er. Helst þar sem ekki er alveg opið svæði heldur möguleiki á að fela hluti.		Hvaða árstíð sem er.	

Lýsing á verkefni

- Kennarinn er með tvo bunka af spjöldum sem á eru skrifuð eða prentuð orð. Í hvorum bunka eru sömu orðin, þ.e. hvert orð er skrifað á tvö spjöld, eitt í hvorn bunka. Gæta þarf þess að orðin séu jafn mörg og börnin sem taka þátt í leiknum.
- Hvert barn fær orðaspjald hjá kennaranum úr fyrri bunkanum. Börnin fela orðin í umhverfinu, setja þarf mörk um hversu langt þau mega fara frá kennaranum með orðin. Svo koma þau aftur til kennarans.
- Nú fær hvert barn orðaspjald úr seinni bunkanum. Verkefnið felst í því að börnin leita að sama orði á spjaldir í umhverfinu og er á miðanum sem þau halda á.

Gögn

Orðaspjöld, sjá mynd. Orðaspjöldin þurfa að vera jafn mörg og börnin sem taka þátt í leiknum. Orðin geta gjarnan tengst öðrum verkefnum sem unnin eru í leikskólanum eða sögusmíð barnanna, sjá t.d.

Sögusmíð með sandpoka.

